



SKÁKSAMBAND  
ÍSLANDS  
STOFNAÐ 1925

Rokk., 23/1-2014.

Kosa, Steinunn Þorsteinsdóttir

## 50 ár eru liðin síðan fyrsta Reykjavíkurskákmeistið var haldið á Íslandi

Reykjavíkurskákmeistið 2014 fer fram í Hörpu dagana 4.-12. mars nk., en nú eru 50 ár síðan fyrsta Reykjavíkurskákmeistið var haldið. Af því tilefni hefur Skáksamband Íslands mikinn hug á því að gera mótið einstaklega vel úr garði og reyna að draga að stórstjórnur. Einnig hefur SÍ áhuga á að fá til landsins gamla sigurvegara Reykjavíkurskákmeista fyrri ára. Menn eins og Taimanov, Vasjukov, Walther Browne og Kupreichik væru þá áfúsugestir auk þess sem við munum reyna að draga að „eldri“ íslenska skákmeistara sem sumir hverjir hafa lagt taflborðið að mestu á hilluna.

Reykjavíkurskákmeistið hefur í þessa hálfu öld verið gífurleg lyftistöng fyrir íslenskt skáklíf og reykvíska menningu enda skákin löngum verið talin ein helsta þjóðaríþrótt Íslendinga.

Í gegnum tíðina hafa flestir sterkustu skákmenn- og konur heims verið meðal þátttakenda og má nefna Magnus Carlsen, Nigel Short, Victor Korchnoi, Vassily Smyslov, Jan Timman, Hou Yifan, heimsmeistara kvenna, Fabuano Caruana, Friðrik Ólafsson og Jóhann Hjartarson.

Mótið hefur stækkað gríðarlega síðustu árin. Í fyrra tóku 227 skákmenn þátt frá 37 löndum og þar af voru 35 stórmeistarar. Allt eru þetta met og enn eru mikil sóknarfæri í að fá fleiri skákmenn til landsins með tilheyrandi tekjum fyrir íslenskt þjóðarbú. Hver gestur gistir í a.m.k. 10 nætur og má gera ráð fyrir að gistinæstur vegna mótsins í ár hafi verið á þriðja þúsundið hér í höfuðborginni.


Mótið hefur fengið mikla athygli erlendis og var nýlega kosið þriðja besta opna skákmeistið af Samtökum atvinnuskákmanna en mörg hundruð alþjóðleg skákmeisti eru haldin ár hvert. Reykjavíkurskákmeistið hefur á þessari hálfu öld unnið sér inn orðspor sem einstakt skákmeisti sem Reykvikingar geta verið mjög stoltir af. Við í skákhreyfingunni erum afskaplega stolt af flaggskipinu okkar.

Þetta er glæsilegt verkefni og kostnaður verður fyrirsjáanlega mjög mikill. Skáksamband Íslands leitar því liðsinnis fyrirtækja og einstaklinga.

Það er von stjórnar Skáksambands Íslands að erindi þessu verði vel tekið.

Virðingarfyllst,  
SKÁKSAMBAND ÍSLANDS

Ásdís Bragadóttir  
Ásdís Bragadóttir, framkvæmdastjóri S.Í.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.1.2014
Málsnr:	1401812
Bréfal:	261.4